

ÍPRÓTTA- OG TÓMSTUNDARÁÐ

Ár 2017, föstudaginn 8. sept. var haldinn 267. fundur ípróttá- og tómstundaráðs Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn í Höfðatorgi Arnarholti og hófst kl. 12.07. Viðstödd voru Þórgnýr Thoroddsen formaður, Eva Einarsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson fyrir Dóru Magnúsdóttur, Tomasz Chrapek, Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsdóttir. Einnig sátu fundinn Trausti Harðarson áheyrnarfulltrúi Framsóknar- og flugvallarvina, Andrés B. Andreasen fjármálastjóri, Ómar Einarsson sviðsstjóri og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem skrifaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Lögð fram að nýju stefna í frístundaþjónustu í Reykjavík 2017-2025.
Sigrún Sveinbjörnsdóttir, starfsmaður stýrihóps um frístundaþjónustu, og Skúli Helgason taka sæti á fundinum á þessum lið.
- Kl. 12.15 tekur Hermann Valsson sæti á fundinum.
- Kl. 12.35 tekur Ingvar Sverrisson sæti á fundinum.
- Kl. 12.50 tekur Steinþór Einarsson sæti á fundinum.
2. Lagt fram að nýju bréf keiludeilda ÍR/KR og Keilufélags Reykjavíkur, dags. 16. júní 2017, vegna aðstöðumála sbr. 6. lið fundargerðar ípróttá- og tómstundaráðs frá 22. júní 2017.
Frestað.
3. Lagt fram bréf sviðsstjóra ÍTR dags 6. sept. sl. vegna afgreiðslutíma sundstaða varðandi lengri vetraropnun í Vesturbæjarlaug og Breiðholtslaug. Einnig lagður fram undirskriftalisti um lengri opnunartíma í Vesturbæjarlaug.
Samþykkt.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Ánægjulegt að margítrekaðar ábendingar og tillögur okkar Sjálfstæðismanna og brýstingur og undirskriftalistar frá sundlaugagestum hafa leitt til þess að opið verður um helgar á kvöldin í Breiðholtslaug og Vesturbæjarlaug fram að áramótum. Sundið er sú almenningsíbrótt sem flestir stunda og því mikilvægt að hafa opið lengur í öllum sundlaugum borgarinnar en ekki bara sumum. Það er leitt til þess að vita að ekki gætir jafnræðis í þjónustu milli hverfa borgarinnar því að ekki stendur til að lengja afgreiðslutímann í sundlaugunum í Grafarvogi og Árbænum sem eru þó stór og fjölmenn barnahverfi.

Lögð fram svohljóðandi bókun áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina:

Harðlega er mótmælt því að Grafarvogsbúar og Árbæjarbúar verða skildir útundan í helgaropnunartíma sundlauga borgarinnar en sundlaugar hverfana tveggja verða lokaðar á föstudögum kl 20.00 og um helgar kl 18.00. Hin hverfin Vesturbær, Miðborg, Laugardalur og Breiðholt fá mun rýmri helgaropnunartíma í sundlaugum hverfanna en opið verður í þeim hverfissundlaugum á föstudögum til kl 22.00 og um helgar til 22.00. Algjörleg óskiljanlegt er að mismunur sé hér höfð milli íbúa borgarinnar og það ekki haft eins rýmt fyrir opnunartímum sundlauga í þessum stóru fjölskyldu og barnahverfum borgarinnar sem Grafarvogur og Árbær eru.

Lögð fram svohljóðandi bókun fulltrúa Samfylkingarinnar, Bjartrar framtíðar, Vinstri grænna og Pírata:

Fulltrúar Bjartrar framtíðar, Pírata, Samfylkingarinnar og Vinstri grænna í íþrótt- og tómstundaráði Reykjavíkur fagna því að opnunartími um helgar verður lengdur yfir vetrartímann í tveimur laugum borgarinnar, í Breiðholtslaug og Vesturbæjarlaug. Vonum að borgarbúar og aðrir góðir gestir muni nýta sér vel þá auknu þjónustu eins og raunin varð með lengri opnun yfir sumartímann.

4. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 8. september 2017, þar sem tilkynnt er að á fundi borgarstjórnar 5. sept. sl. hafi farið fram kosning í íþrótt- og tómstundaráð. Eftirtaldir aðilar voru kosnir í ráðið: Þórgnýr Thoroddsen, sem jafnframt var kosinn formaður, Eva Einarsdóttir, Tomasz Chrapek, Dóra Magnúsdóttir Hermann Valsson Kjartan Magnússon og Marta Guðjónsdóttir. Varamenn voru kosnir Þórður Eypórsson, Unnsteinn Jóhannsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Þorgerður Laufey Diðriksdóttir Benóný Harðarson, Björn Gíslason og Hafrún Kristjánsdóttir.

Jafnframt er tilkynnt að Trausti Harðarson verði áheyrnarfulltrú Framsóknar og flugvallarvina og Sigurður Þórðarson áheyrnarfulltrúi til vara.

5. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjórnar, dags. 6. september 2017, það sem tilkynnt er að á fundi borgarstjórnar þann 5. september sl. var svohljóðandi tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins samþykkt:

Borgarstjórn samþykkir að unnin verði stefnumótun um hjólabrettaiðkun í borginni.

6. Lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Íþrótt- og tómstundaráð beinir því til borgarráðs að veittur verði styrkur til KFUM og -K til að unnt verði að ljúka byggingu svefnskála í Vatnaskógi. Framkvæmdir hófust 2007 og veitti Reykjavíkurborg þá styrk til verksins en aðrar leiðir við fjármögnun þess brugðust þá að töluverðu leyti vegna áfalla í efnahagslífinu. Verkið er vel á veg komið en umtalsverðar framkvæmdir eru eftir innanhúss sem utan. Hinn nýi skáli mun fullnægja öllum kröfum eldvarna- og heilbrigðiseftirlits en eldra húsnæði er ábótavant hvað slíkar kröfur varðar. Á hverju ári dvelja búsundir reykvískra barna og ungmenna í Vatnaskógi og taka þar þátt í uppbyggilegu æskulýðsstarfi.

Frestað.

Fundi slitið kl. 13.10

Þórgnýr Thoroddsen

Eva Einarsdóttir
Bjarni Þór Sigurðsson
Kjartan Magnússon

Tomasz Chrapek
Hermann Valsson
Marta Guðjónsdóttir